

Athugasemdir frá LS í samráðsgátt stjórnvalda

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og lögum um stjórn fiskveiða (veiðistjórn grásleppu o.fl.)

16. september 2020

Á síðasta aðalfundi Landssambands smábátæigenda sem haldinn var í október 2019 var samþykkt að LS væri mótfallið kvótasetningu á grásleppu. Frá þeim tíma hefur umræða um málefnið haldið áfram og skoðanir skiptar eins og vera ber í lifandi félagsskap.

Innan LS fara í hönd aðalfundir svæðisfélaga og aðalfundur sá 36. í röðinni hefur verið boðaður 15. október næstkomandi. Gera má ráð fyrir umræðu um frumvarpið sem hér er til umsagnar sem gæti snúið við einstaka þáttum sem hér verða sagðir. Verði svo gefst tækifæri til annarrar umsagnar verði frumvarpið lagt fram á Alþingi.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að veiðistjórnun sem byggt hefur verið á undanfarna fjóra áratugi verði kastað fyrir róða. Þar hefur heimild til grásleppuveiða verið háð árlegu veiðileyfi til aðila sem rekja réttindi sín til vertíðanna 1987 – 1990 að báðum vertíðum meðtöldum. Réttihafar hafa getað valið um eitt af átta svæðum til veiða á hverri vertíð. Takmarkanir í árlegri reglugerð eru:

- Fjöldi daga sem stunda má veiðar
- Fjöldi neta (af skilgreindri stærð)
- Stærð báta
- Veiðileyfi takmarkað við eitt af átta svæðum á hverri vertíð.

Aðrar takmarkanir eru frá náttúrunnar hendi; veðurfar og fiskgengd, heilsa sjómanna, stærð / gerð báts og markaðshorfur hverju sinni.

Veiðistýring sem grundvölluð hefur verið á framangreindu hefur leitt til þess að á undanförunum 13 vertíðum [2008-2020] hafa að meðaltali 275 bátar virkjað leyfi til grásleppuveiða. Útgerðir þeirra hafa því talið sig hafa hag af veiðunum.

Landssamband smábátæigenda hefur á undanförunum árum lagt til ýmsar lagfæringar á fyrirkomulagi veiðanna, m.a. að sameina leyfi, en milli 25 og 35 útgerðir gera út 2 báta eða fleiri á hverri vertíð. Við sameiningu yrði þess gætt að hún mundi ekki leiða til sóknaraukningar með því að dagafjöldi ykist aðeins um 50% þegar leyfi tveggja jafnstórra báta yrði að einu.

Annar þáttur til hagræðingar fyrir grásleppusjómenn felst í að hægt verði að gera hlé á veiðum með því að taka upp netin. Dagar sem liðu þar til þau yrðu lögð aftur teldu ekki til veiðidaga. Með því mætti minnka hættu á netatjóni vegna fyrirsjáanlegrar brælu, draga úr hættu á óæskilegum meðafla, taka tillit til veikinda og bilana svo eitthvað sé nefnt.

Sjávarútvegsráðherra hefur ekki orðið við óskum LS varðandi þessi tvö atriði. Það kom því á óvart að í frumvarpsdrögum séu þau talin meðal forsendna fyrir afnámi á áratuga löngu fyrirkomulagi veiðistýringar á grásleppu.

Á undanförunum árum hafa komið upp raddir meðal félagsmanna um breytingar, veiðunum verði stýrt með aflamarki. LS framkvæmdi skoðanakönnun í september 2018 þar sem spurt var:

- Hvort vilt þú frekar núverandi fyrirkomulag veiðistjórnunar eða úthlutun aflamarks á grundvelli aflahlutdeildar sem ákvarðast af veiðireynslu frá 2013-2018, þar sem miðað verður við þrjú aflamestu árin?

54,8% svarenda vildu halda áfram með núverandi veiðistjórnun, 45,2% vildu stjórnun með aflamarki.

Athugasemdir við efnisatriði frumvarpsdraga

Komi frumvarpið óbreytt til kasta Alþingis leggur LS áherslu á eftirfarandi þætti sem skoða þarf og fá svör við hjá atvinnuveganefnd. Nokkrir þeirra eiga það sameiginlegt að vera taldir til ókosta við núverandi veiðistýringu og þar með forsendur þeirra breytinga sem lagðar eru til í frumvarpsdrögum:

- A. Í 2. kafla greinargerðar frumvarpsins „Tílefni og nauðsyn lagasetningar“ er vitnað í greinargerð starfshóps þar sem dregið er út „að helstu ókostir núverandi veiðistjórnar felist í því að hún er ómarkviss með tilliti til þess að fylgt sé ráðgjöf, það er að veiði sé innan heildarafla“.


Vegna þessarar fullyrðingar óskar LS eftir að leitað verði til Hafrannsóknastofnunar um hvort hún telji, ráðgjöf sem felur í sér að leyfilegur heildarafla verði meðaltal ráðgjafar síðastliðinna 3 ára og nota niðurstöðu úr vorralli til aukningar eða frádráttar á meðaltali fyrir næstu vertíð, fullnægja skilyrðum vísindalegrar ráðgjafar. Með því móti væri hægt að gefa fyrir út leyfilegan heildarafla og útreikningur um fjölda daga lægi fyrir fyrir, hvort sem stjórnað er með dagatakörkunum eða aflamarki.

- B. „Aðilar eru bundnir ákveðnum samfelldum dögum sem þýðir að þegar leyfi er virkjað byrja dagar að telja hvernig sem veðurlag verður.“ „Þá er ekkert tillit er tekið til bilana, veikinda eða annarra ófyrirséðra tafa.“

Undanfarin ár hefur LS óskað eftir að heimilt yrði að gera hlé á veiðum án þess að dagar teldu. Því hefur hingað til verið hafnað.

- C. „Einnig ber að geta þess að á undanförunum sjö árum, utan eins, hafa veiðar í grásleppu ekki náð ráðgjöf, sem er ekki ásættanleg niðurstaða.“

LS mótmælir því að telja þetta til ókosta. Sjálfbærni stofna felst ekki síst í að umgangast þá að varfærni. Vakin er athygli á sl. 10 vertíðum 2011-2020 var leyfilegur heildarafla Hafrannsóknastofnunar 50,1 þúsund tonn. Afli úr sjó var hins vegar 50,0 þúsund tonn. Staðreynd sem talar sýnu máli um hversu vel hefur tekist til að stemma heildarafla við ráðgjöf Hafrannsóknastofnunar.



LS minnir á markmið laga um stjórn fiskveiða m.t.t. þess hvort ráðuneytið hafi lagt mat á hvort fyrirhuguð breyting leiði til meiri nálgunar að eftirfarandi:

„Markmið laga þessara er að stuðla að verndun og hagkvæmri nýtingu þeirra og tryggja með því trausta atvinnu og byggð í landinu.“

- D. „Sveigjanleiki mun einnig aukast um veiðarnar, þar sem auðhægara verður að draga upp net vegna brælu eða meðafla. Þá er ónefnt að kostnaður við tæknilegt eftirlit með veiðunum mun minnka ef aflamarksstjórn verður tekin upp og verður í staðinn mögulegt að auka eftirlit með meðafla.“

LS ítrekar áðurframkomið að öllum þessum þáttum er hægt að ná í þeirri veiðistýringu sem nú er.

- E. „benti Hafrannsóknastofnun á að engin fiskifræðileg rök væru fyrir því að viðhalda svæðaskiptingu í grásleppuveiðum enda hafi skip ekki mikið verið að flytja sig milli svæða. Þó benti stofnunin á að æskilegt væri að ráðherra yrði heimilt að grípa til ráðstafana ef aðstæður kalla á aukna stýringu. Því er lagt til með 1. gr. frumvarpsins að heimilað verði að ákveða staðbundin veiðisvæði við grásleppuveiðar, þannig að aðeins geti þar stundað veiðar bátar sem skráðir séu frá byggðarlagi eða verstöð við hlutaðeigandi veiðisvæði og útgerð.“

LS ítrekar mikilvægi svæðaskiptingar og telur nauðsynlegt að ákvæði þess eðlis verði sett í lög. Vakin er athygli á eftirfarandi athugasemd Þorsteins Sigurðssonar fv. sviðsstjóra fh. Hafrannsóknastofnunar, rannsókn- og ráðgjafarstofnunar hafs og vatna í Samráðsgátt við greinargerð starfshópsins.

„Stofnunin bendir á að ef ákveðið verði að breyta stjórn veiðanna yfir í aflamarkskerfi þá gæti verið þörf á að hafa ákveðna svæðaskiptingu og stjórn á því hversu mikið yrði veitt innan hvers svæðis. Ástæða þess er að möguleiki gæti annars skapast á ofveiði ákveðinna svæða. Telur stofnunin að ef ákveðið verði að breyta stjórn veiðanna þurfi því að fara vandlega yfir mögulega svæðaskiptingu sem og hlutfallslega skiptingu aflaheimilda innan þeirra svæða.“

Kvótasetning grásleppu er vandmeðfarin og flókin ef gæta á jafnræðis. Því er mikilvægt að gæta mikillar varúðar við framkvæmd og lagasetningu þar um. Hingað til hefur kvótasetning stuðlað að sameiningu útgerða og fækkun aðila sem stunda veiðarnar. Á því verður engin undantekning með samþykkt þessa frumvarps. Samþjöppun mun verða á þá leið að þeir sem hafa aðgang að fjármagni munu kaupa upp veiðirétt hinna. Þannig mun kvótasetning fækka útgerðaraðilum og bátum sem stunda veiðarnar.

Í frumvarpinu er ákvæði um að samanlögð aflahlutdeild í eigu einstakra aðila, einstaklinga eða lögaðila eða í eigu tengdra aðila megi ekki vera hærri en 2%. Eins og dæmin sanna hefur túlkun ákvæðis þessa ekki komið í veg fyrir tilgang þess.

LS vekur athygli á eftirtöldu sem vert er að hafa í huga við úthlutun:

I. Á árinu 2017 var dögum fjölgað eftir að vertíð lauk hjá á sjötta tug báta. Rétt er að þessir bátar njóti uppreiknings á afla miðað við fullt úthald.

II. Að fyrir liggji lögræðiálit um að heimilt sé að svipta aðila sem litla eða enga aflareynslu hafa sl. 6 ár, veiðirétti sem grásleppuleyfi veitir þeim í dag, þar gæti verið að ræða um á annað hundrað bátar.

III. Óheimilt verði að flytja aflahlutdeild á báta sem eru mældir 15 brúttótonn og stærri.

IV. Veiðiskylda – vegna sérstöðu grásleppuveiða er rétt að skoða sérstaklega hvort veiðiskylda sambærilegri sem er í lögum um stjórn fiskveiða sé æskileg. Markaðir eru afar viðkvæmir og miklar sveiflur í veiðum þar sem veiðiskylda gæti skapa mikið ójafnvægi.

V. Skoða verður sérstaklega rétt aðila með tilliti til eignaréttar þar sem leyfin eru þingslýst sem eign á bátana og báturinn er í eigu einstaklings.

Virðingarfyllst


Þorlákur Halldórsson formaður


Örn Pálsson framkvæmdastjóri